

Nd.

361. Frumvarp til laga

[190. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum, þó ekki börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981, þó að frádregnum:
 - a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 með síðari breytingum öðrum en elli- og örorkulífeyri;
 - b. 945 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta sem frá eru dregnar skv. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1981 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1980.
3. Skal gjaldið vera 1,5% af fyrstu 6 500 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
Sjúkratryggingagjald sem ekki nær 6 000 kr. (60 nýkr.) skal fellt niður við álagningu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds sem um ræðir í þessari grein til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum og vegna tekna ársins 1981 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1981 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 16/1980 á árinu 1980. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 16/1980, að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald verði lagt á tekjur barna innan 16 ára aldurs og auk þess er þeim mönnum gert að greiða sjúkratryggingagjald sem skattskyldir eru skv. 1. mgr. 3. gr. skattalaganna, þ. e. menn með takmarkaða skattskyldu sem dvelja hér á landi hluta úr árinu 1981 og verða skatt- og útsvarslagðir á árinu 1981 af tekjum ársins 1981. Þá er gert ráð fyrir að skattþrepið hækki í samræmi við skattvísitölu. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1980 nemur 8 050 m.kr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 7 500 m.kr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1981 nemi um 12 milljörðum króna og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 11 milljörðum króna.